

STARFSÁÆTLUN LEIKSKÓLA FJALLABYGGÐAR

2016-2017



Olga Gísladóttir, skólastjóri

INNGANGUR

Leikskóli Fjallabyggðar starfar eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Fjallabyggð býður upp á leikskólanám, ef kostur er, frá eins til sex ára. Forgang hafa börn frá 2ja-6 ára.

Leikskólinn vinnur að því að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra. Hann stuðlar að víðsýni, sterkri sjálfsmynd, heilbrigði, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta. Hann vinnur með sammannlegar dyggðir og leggur einnig sérstaka áherslu á málörvun og undirbúning fyrir lestur. Jafnframt leggur hann áherslu á leikinn í öllum sínum margbreytileika sem leið til náms og tjáningar. Markmið skólans er að leggja grunn að alhliða þroska barna svo þau verði andlega sem líkamlega sterkir einstaklingar sem geti tekið þátt á skapandi, virkan og ábyrgan hátt í Lýðræðisþjóðfélagi. Stefnt er að því að skapa umhverfi, þar sem öllum líður vel og hver einstaklingur ber virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

STARFSÁÆTLUN LEIKSKÓLA

Leikskóli Fjallabyggðar gerir starfsáætlun fyrir hvert skólaár, eins og kveðið er á í lögum nr. 90/2008. Þar er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldrarráð leikskólans til umsagnar. Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með skýrum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert. Starfsáætlun er lögð fyrir fræðslu- og frístundanevnd til kynningar og samþykktar.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum matsins
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur fræðslunefndar, sem leikskólinn vinnur að
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvarlarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir árið

1. MAT Á STARFI LEIKSKÓLA FJALLABYGGÐAR

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, til grunnskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing í því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Skólanámskrá er endurskoðuð og uppfærð árlega svo hún megi spegla starfið á trúverðugan hátt.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans.

INNRA MAT LEIKSKÓLANS

Innra mat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Ákveða þarf hvað á að skoða hverju sinni, t.d. samskipti, viðhorf eða skipulag. Skólanámskráin nýtist ekki sem tæki til skólapróunar og umbóta nema fram fari sjálfsmat kennara og skólans í heild. Allir sem koma nálægt starfinu í leikskólanum geta tekið þátt í matsferlinu. Sjálfsmat fer í flestum tilfellum fram undir stjórn leikskólastjórans, verkefnastjóra eða matshóps. Í okkar tilfalli stýra leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri matsferlinu.

Samhent vinna við að bera kennsl á styrkleika og veikleika leikskólans hjálpar öllum aðilum við að móta skýra mynd af vinnunni, bæði með tilliti til núverandi stöðu og framtíðarstefnu. Innra matið getur þannig eflt og styrkt samvinnu og þróað leið til að virkja alla viðkomandi í starfi til umbóta í öllu leikskólastarfinu.

Með því að fara reglulega yfir vinnulýsingar á samstarfsfundum og kynna reglur og vinnulýsingar fyrir nýju starfsfólki, hjálpast allir að við að vinna eftir markmiðum leikskólans. ECERS-listinn er matstæki sem við höfum nýtt með öðru við endurmat á starfinu í leikskólanum. Hann er gerður fyrir 3-6 ára deildir og hentar því ekki á yngri deildum leikskólans okkar. Á starfsmannafundum eru tekin fyrir ákveðin uppeldisleg atriði og rædd. Þar má nefna t.d. skólanámskrá, útiveru, vinnuna í fataherbergi, borðsiði og frjálsta leikinn.

Leikskóli Fjallabyggðar nýtir einnig matstækið Barnið í brennidepli þar sem leikskólastarfinu er skipt upp í sjö lykilþætti sem ná yfir alla þætti starfseminnar. Lykilþættirnir eru:

1. Námskrá
2. Þroski og framfarir barnanna
3. Nám í gegnum leikinn
4. Stuðningur við börn og fjölskyldur
5. Vinnusiðfræði leikskólans
6. Námsumhverfi leikskólans
7. Stjórnun

Þeir þættir sem teknir verða fyrir á skólaárinu eru:

- Námsumhverfi leikskólans..... haustönn 2016
- Námskrá.....vorönn 2017

2. FAGLEGAR ÁHERSLUR Í STARFI LEIKSKÓLANS FYRIR NÆSTA LEIKSKÓLAÁR

- Unnið verður að umbótum á faglega starfinu á grundvelli niðurstaðna innra mats skólaársins 2015-2016. Þeir þættir sem komu ekki nógu vel út hafa verið teknir saman og áætlað með hvaða hætti bregðast má við. (Sjá fylgiskjöl)
- Áfram verði unnið með dygðir samkvæmt námsefninu Lífsleikni í leikskóla en vinna samkvæmt þessu námsefni hófst haustið 2011. Dygðir næsta skólaárs verða *Sköpunargleði og kurteisi*
- Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Áhersla er lögð á að hver einstaklingur fái að njóta sín. Í leikskólanum er lögð áhersla á nærveru, jákvæðni og hlýju. Skólaárið 2016 hófst með námskeiði sem ber nafnið Leikur að læra. Þar fékk allt starfsfólk leikskólans fræðslu um tengsl náms og hreyfingar og það hvernig kenna má til dæmis lestur og stærðfræði í gegnum leikinn.
- Fjallabyggð hefur skrifað undir samning um Þjóðaráttak í læsi þar sem m.a. er kveðið á um að leikskólinn skuli vinna að ákveðnum þáttum í læsi. Í september 2016 verður skipulagsdagur helgaður þessu verkefni og þá munu læsisráðgjafar Menntamálastofnunar vera með innlegg og fræðslu fyrir alla starfsmenn leikskólans. Í framhaldi af því fer á stað vinna við læsisstefnu Fjallabyggðar. Hluti þeirrar stefnu verður læsisstefna Leikskóla Fjallabyggðar.

- Við munum halda áfram að innleiða Uppeldi til ábyrgðar. Uppeldi til ábyrgðar miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og þjálfa þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skóla við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál.
- Leikskóli Fjallabyggðar er að stíga fyrstu skrefin í því að gerast heilsueflandi leikskóli. Við byrjum á því að skoða matseðla og vinnum að því að minnka notkun á sykri og salti t.d. Við leggjum áherslu á matreiðslu frá grunni úr hollu og góðu hráefni. Einnig vinnum við markvisst að því að auka hreyfingu og liður í því var að allt starfsfólk fór á námskeiðið Leikur að læra í upphafi skólaársins.

3. STARFSMANNAMÁL

STARFSMENN VETURINN 2016-2017

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar þar með taldir stjórnendur.	9	5 í 100% starfi; 4 í 75-90% starfi	Leikskólakennaramenntun. Auk þess eru þrír einnig grunnskólakennarar og einn með framhaldsnám í stjórnun.
Aðstoðar-leikskólakennarar	1	Í 100% starfi	Diplóma í leikskólakennslu
Starfsmenn með aðra háskólamenntun	4	50% 80% 100%	Iðjuþjálfari, hefur umsjón með sérkennslu og sinnir einnig þjálfun einstakra barna í samráði við deildarstjóra. Bed í menntunarfræðum, deildarstjóri á yngstu deild Leikskóla Bed í menntunarfræðum, deildarstjóri á yngstu deild Leikhóla
Leikskólaliðar, stuðningsfulltrúar	6	Í samtals 5.5 stöðugildum	
Starfsmenn með framhaldsskólamenntun	4	Í 3,15 stöðugildum	Stúdentspróf verslunarpróf
Starfsmenn án framhaldssk. mennt.	13	Í 12 stöðugildum	Með grunnskólapróf og nokkrir með einhverjar einingar í framhaldsskóla án þess að hafa lokið framhaldsskólaprófi.

Leikskólinn hefur á að skipa reyndu og hæfu starfsfólki bæði faglærðu og ófaglærðu. Hann á enn langt í land að uppfylla það markmið að tveir þriðju hlutar starfsmanna séu með leikskólakennaramenntun og leita þarf leiða til að auka hlutfall leikskólakennara t.d. með

því að hvetja starfsmenn til að fara í leikskólakennaranám og auglýsa reglulega eftir leikskólakennurum.

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri munu boða alla starfsmenn í starfsþróunarsamtal í febrúar og mars. Starfsmenn undirbúa sig fyrir starfsþróunarsamtalið. Farið verður yfir væntingar starfsmanna og þau markmið sem þeir vilja setja sér í vinnu. Stjórnendur skrá niður óskir um námskeið og starfsþróun.

SÍMENNTUN

Einn leikskólakennari er í framhaldsnámi í stjórnun.

Leikur að læra námskeið var í ágúst fyrir alla starfsmenn Leikskóla Fjallabyggðar

Starfsmönnum býðst að sækja námskeið hjá Bryndísi Guðmundsdóttur, talmeinafræðingi um námsefnið Lærum og leikum með hljóðin í september

Starfsmenn Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga verða með fræðsluerindi fyrir hluta starfsmanna Leikskóla í september

Í endaðan september verður fræðsla fyrir alla starfsmenn Leikskóla Fjallabyggðar um barnaverndarmál viðbrögð og verkferla.

Þá fer einnig einn starfsmaður á námskeið um stjúp tengsl.

Einn starfsmaður mun sitja námskeið hjá Vinnueftirlitinu fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði í lok nóvember.

Tveir starfsmenn sækja námskeið í Uppeldi til ábyrgðar í nóvember.

Einnig eru allir starfsmenn hvattir til að vera duglegir að sækja í sína starfsmenntunarsjóði og sækja námskeið sem falla undir þeirra starf og áhugasvið.

Stefnt er að því að senda tvo starfsmenn á námskeið í notkun TRAS skimunarlista, sem er notaður til að meta mál- og félagsþroska ungra barna.

Leikskólastjóri mun fara á vörðstefnu Félags Stjórnenda Leikskóla.

Stefnt er að því að senda tvo starfsmenn á námskeið í notkun TRAS skimunarlista, sem er notaður til að meta mál- og félagsþroska ungra barna.

4. AÐRAR UPPLÝSINGAR

BARNAHÓPURINN

- Fjöldi barna 1. september 2016 er 111. Þar af 40 á Leikhólum og 71 á Leikskálum
- Dvalarstundir eru um 870
- Á Leikskálum eru 31 drengur og 40 stúlkur
 - Aldursskipting: 10 börn fædd 2011; 21 barn fætt 2012; 15 börn fædd 2013; 14 börn fædd 2014; 11 börn fædd 2015.
- Á Leikhólum eru 22 drengir og 18 stúlkur
 - Aldursskipting: 8 börn fædd 2011; 11 börn fædd 2012; 5 börn fædd 2013; 10 börn fædd 2014 og 6 börn fædd 2015.
- Þrjú börn eru með formlega greiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð og fá úthlutað stuðningsfulltrúa og sérkennslutímum. Einn nemandi er með beiðni um greiningu á Greiningar- og ráðgjafarstöð og þrír nemendur eru með skilgreindan mjög seinkaðan málþroska, sem brugðist er við með ákv. skipulagi á deild og sérkennslutímum. Þar að auki eru alltaf nokkur fjöldi barna sem nýtur sérfræðiþjónustu frá talmeinafræðingum, sjúkraþjálfurum, sálfræðingi, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara o.s.frv.
- Tvítyngd börn í Leikskóla Fjallabyggðar eru 12 þar af eiga 7 börn báða foreldra erlenda.

FORELDRASAMVINNA

FORELDRARÁÐ er starfandi í Leikskóla Fjallabyggðar. Það er skipað tveimur foreldrum af Leikskálum og einu frá Leikhólum. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldraráð skólaárið 2016-2017 skipa: Katrín Andersen og Sóley Anna Pálsdóttir frá Leikskálum og Erla Heiða Sverrisdóttir frá Leikhólum.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008).

Áætlað er að ráðið fundi tvisvar til þrisvar á ári. Kosning í foreldraráð fer fram á aðalfundi foreldrafélagsins.

FORELDRAFÉLÖG eru bæði við Leikskála og Leikhóla og eru allir foreldrar leikskólans meðlimir þess. Stjórn foreldrafélagsins er kosin ár hvert á aðalfundi félagsins. Foreldrafélagið hefur yfirumsjón í samráði við leikskólann með ákveðnum upþákomum í leikskólanum og fjármagnar þær. Ákveðin upphæð er greidd af foreldrum leikskólans til foreldrafélagsins ár hvert.

Foreldrafundir er haldnir að hausti þar sem starf vetrarins er kynnt. Fundur með nýjum foreldrum er haldinn í upphafi skólaársins.

Formaður foreldrafélags Leikskála er Ólöf Kristín Daníelsdóttir og formaður foreldrafélags Leikhóla er Hildur Gyða Ríkharðsdóttir.

FORELDRAVIÐTÖL eru tvisvar á ári, þar sem farið er yfir þroska og framfarir barnsins ásamt öðru.

SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Samstarf á milli Leikskóla Fjallabyggðar og Grunnskóla Fjallabyggðar er í sífelldri þróun. Kennarar á yngsta stigi grunnskóla og kennarar elstu leikskólabarnanna hittast reglulega og skipuleggja samstarfið. Elstu börnin fara í nokkrar skipulagðar heimsóknir í grunnskólann yfir veturinn og kynnast starfinu þar. Einnig eru upplýsingafundir að vori þar sem farið er yfir stöðu þeirra barna sem eru að byrja grunnskólagöngu. Áhugi er bæði innan leikskólans og grunnskólans að þróa samstarfið meira og hafa meira samráð til dæmis um val á námsefni og þess háttar.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

- Námskeiðsdagur 22. ágúst – Lokað hálfan daginn. Starfsfólk situr námskeiðið Leikur að læra.
- Skipulagsdagar á haustönn:
 - 16. september Lokað allan daginn. Námskeið og fyrirlestrar um læsi. Þetta er sameiginlegur námskeiðsdagur með leikskólum Dalvíkurbyggðar. Læsisráðgjafar frá Menntamálastofnun koma með innlegg.
 - Nóvember. Lokað allan daginn. Innra mat. Metinn verður þátturinn *Námsumhverfi leikskólans* með matstækinu Barnið í brennidepli.
 - Lokað verður einn dag í tengslum við opnun viðbyggingar á Leikskálum. Þá mun allt starfsfólk Leikskóla Fjallabyggðar hjálpast að við að flytja inn í nýbygginguna og ganga frá.
- Skipulagsdagur á vorönn:
 - 16. febrúar. Lokað allan daginn. Innra mat – metinn verður þátturinn *Námskrá leikskólans* með matstækinu Barnið í brennidepli
- Lokað verður 4 hálfu daga í leikskólanum vegna starfsmannafunda á skólaárinu

Viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun hefur verið unnin fyrir Leikskóla Fjallabyggðar. Hún segir til um hvernig bregðast skuli við áföllum og vá. Í henni eru viðbrögð og verkferlar sem taka gildi ef áföll verða í leikskólanum en einnig ef alvarleg veikindi, slys eða andlát verða í starfsmannahópnum. Viðbragðsáætlunin tekur til eldsvoða, jarðskjálfta, fárviðris, alvarlegra slysa eða andláts starfsmanns eða barns. Einnig er farið yfir verkferla vakni grunur um ofbeldi eða vanrækslu gagnvart barni. Áætlunin er aðgengileg á vef leikskólans www.leikskolinn.is/leikholar og www.leikskolinn.is/leikskalar

Fylgiskjöl:

Sjálfsmatsskýrsla Leikskóla Fjallabyggðar 2015-2016

Umbótaáætlun Leikskóla Fjallabyggðar 2016-2017

Skóladagatal Leikskóla Fjallabyggðar 2016-2017

Olga Gísladóttir, skólastjóri Leikskóla Fjallabyggðar

Fjallabyggð



Sjálfsmatsskýrsla Leikskóla Fjallabyggðar 2015-2016

Olga Gísladóttir, leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Sjálfsmat.....	4
Lykilþættir.....	4
Sjálfsmatsáætlun 2015– 2017	6
Framkvæmd Sjálfsmatsins.....	6
Lykilþáttur 2 Þroski og framfarir barnanna	7
Árangursvísir 2.1 – Framfarir barnanna í þroska og námi	7
Lykilþáttur 3. Nám í gegnum leikinn.....	7
Árangursvísir 3.1 – Gæði náms í gegnum leikinn	7
Árangursvísir 3.2 – Samskipti barna og starfsfólks.....	8
Árangursvísir 3.3 – Að mæta þörfum barnanna.....	8
Lykilþáttur 4 Stuðningur við börn og fjölskyldur	8
Árangursvísir 4.1 – Samræmt uppeldisstarf	8
Árangursvísir 4.2 – Samræmi uppeldis og menntunar	9
Árangursvísir 4.3 – Stuðningur í uppeldi og námi	9
Þróunaráætlun einstakra lykilþátta.....	10
Þroski og framfarir barnanna	10
Nám í gegnum leikinn.....	10
Stuðningur við börn og fjölskyldur	10

Inngangur

Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Einstakir starfsmenn leikskólans geta borið sérstaka ábyrgð á matsvinnunni en það er afgerandi fyrir allt ferlið að allir starfsmenn leikskólans komi að vinnunni á einn eða annan hátt.

Samkvæmt 17. gr. laga um leikskóla ber öllum leikskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Upplýsingar um innra mat birtir leikskólinn opinberlega, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum leikskólans en ytra mat af utanaðkomandi aðilum eins og sveitarfélaginu eða menntamálaráðuneytinu.

Tilgangurinn með sjálfsmati er að kanna hvort markmiðum leikskólans hafi verið náð svo og greina veika og sterka þætti í leikskólastarfinu og leggja þannig grunn að umbótum. Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Sjálfsmat er því góð leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti leikskólans. Það má því segja að sjálfsmatið í heild sinni sé lykill að því að gera góðan skóla enn betri.

Til þess að mat uppfylli viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Matslistinn sem við styðjumst við heitir „Barnið í Brennidepli“ sem er skosk matsaðferð og er notuð í leikskólum í Skotlandi. Matslistinn er þýddur og staðfærður af Hildi Skarphéðinsdóttur. Barnið í brennidepli er matsaðferð sem á að hjálpa starfsfólki leikskóla að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipti starfsfólks, foreldrasamstarf og stjórnun leikskólans.

1. Sjálfsmatsáætlun

Sjálfsmat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Ákveða þarf hvað á að skoða hverju sinni, t.d. samskipti, viðhorf eða skipulag.

Skólanámskráin nýtist ekki sem tæki til skólaþróunar og umbóta nema fram fari sjálfsmat kennara og skólans í heild. Eins og fram kemur í innganginum þá notar leikskólinn matslistann „Barnið í brennidepli“ í sínu sjálfsmati. Barnið í brennidepli miðar að því að hjálpa leikskólum við að meta eigin vinnu með árangursvísum sem allir eiga að geta nýtt sér. Sumir árangursvísanna kunna stundum að vera mikilvægari en aðrir, en saman mynda þeir matsaðferð sem ætlað er að stuðla að árangursríkri leikskóladvöl fyrir öll börn.

Allir sem koma nálægt starfinu í leikskólanum geta tekið þátt í matsferlinu. Sjálfsmat fer í flestum tilfellum fram undir stjórn leikskólastjórans, verkefnastjóra eða matshóps. Í okkar tilfell þá stýrði leikskólastjóri matsferlinu.

Samhent vinna við að bera kennsl á styrkleika og veikleika leikskólans hjálpar öllum aðilum við að móta skýra mynd af vinnunni, bæði með tilliti til núverandi stöðu og framtíðarstefnu. Sjálfsmatið getur þannig eflt og styrkt samvinnu og þróað leið til að virkja alla viðkomandi í starfi til umbóta í öllu leikskólastarfinu. Með aðferðinni er leikskólastarfinu skipt upp í sjö lykilþætti sem ná yfir alla þætti starfseminnar.

Lykilþættir

- Námskrá
- Þroski og framfarir barnanna
- Nám í gegnum leikinn
- Stuðningur við börn og fjölskyldur
- Vinnusiðfræði leikskólans
- Námsumhverfi leikskólans
- Stjórnun

Hverjum lykilþætti er síðan skipt upp í nokkur meginatriði sem nefndir eru árangursvísar, en þeir eru:

Árangursvísir 1.1 – Uppbygging námskrár

Árangursvísir 1.2 – Gæði áætlana

Árangursvísir 1.3 – Gæði dagskipulags

- Árangursvísir 2.1 – Framfarir barnanna í þroska og námi
- Árangursvísir 3.1 – Gæði náms í gegnum leikinn
- Árangursvísir 3.2 – Samskipti barna og starfsfólks
- Árangursvísir 3.3 – Að mæta þörfum barnanna
- Árangursvísir 4.1 – Samræmt uppeldisstarf
- Árangursvísir 4.2 – Samræmi uppeldis og menntunar
- Árangursvísir 4.3 – Stuðningur í uppeldi og námi
- Árangursvísir 4.4 – Stuðningur við börn með sérþarfir
- Árangursvísir 5.1 – Starfsandi
- Árangursvísir 5.2 – Jafnrétti og réttsýni
- Árangursvísir 5.3 – Samvinna við foreldra
- Árangursvísir 5.4 – Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir
- Árangursvísir 5.5 – Samvinna starfsfólks
- Árangursvísir 6.1 – Húsnæði og almennur aðbúnaður
- Árangursvísir 6.2 – Framboð námsgagna
- Árangursvísir 6.3 – Ráðning og hæfni starfsfólks
- Árangursvísir 6.4 – Starfsþróun og endurmat
- Árangursvísir 7.1 – Sjálfsmat
- Árangursvísir 7.2 – Markmið og stefnumörkun
- Árangursvísir 7.3 – Áætlun til aukins árangurs
- Árangursvísir 7.4 – Stjórnandinn
- Árangursvísir 7.5 – Virkni starfsfólks

Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-6 og er notaður eftirfarandi einkunnaskali:

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að veða meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði eru slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Sjálfsmatsáætlun 2015– 2017

Í sjálfsmatsáætlun fyrir árin 2015-2017 var gert ráð fyrir að meta tvo lykilþætti á hverri önn. Á síðasta skólaári voru því metnir 4 þættir.

- Þroski og framfarir barnanna.....haustönn 2015
- Nám í gegnum leikinn haustönn 2015
- Stuðningur við börn og fjölskyldur.....vorönn 2016
- Vinnusiðfræði leikskólans.....vorönn 2016

Það kom í ljós að það er of mikið fyrir okkur að meta fjóra þætti á hverju skólaári þar sem okkur gefst takmarkaður tími til matsins og margt annað kallar einnig. Í ljósi þess var ákveðið að meta tvo þætti á þessu skólaári og tvo á skólaárinu 2017-2018

- Námskrá..... haustönn 2016
- Námsumhverfi leikskólansvorönn 2017
- Stjórnun.....haustönn 2017
- Þroski og framfarir barnanna vorönn 2018

Gera má ráð fyrir að þegar búið verður að fara yfir alla þætti einu sinni verði fólk orðið þjálfaðra í vinnubrögðunum og þá getum við tekið fyrir a.m.k. þrjá þætti á hverju skólaári.

2. Sjálfsmat og lykilþættir 2015-2016

Framkvæmd Sjálfsmatsins

Samkvæmt matsáætluninni voru teknir fyrir lykilþættir 2 og 3 á haustönn og unnið sameiginlega með þá á starfsdegi 2. október. Á vorönninni voru teknir fyrir lykilþættir 4 og 5. Þeir voru metnir á starfsmannafundum þar sem skipulagsdagur vorannar voru fráteknir í

annað. Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-6. Unnið er út frá texta sem gefur einkunnina 6 sem er hæsta skor. Ekki er gefin einkunn fyrir lykilþáttinn í heild.

Starfsmannahópurinn vann allur saman að matinu á haustönninni en á vorönninni vann hvor starfsstöð fyrir sig og leikskólastjóri tók síðan niðurstöðurnar og dró þær saman í skýrslu.

Lykilþáttur 2 Þroski og framfarir barnanna

Árangursvísir 2.1 – Framfarir barnanna í þroska og námi

Meðaleinkunn úr þessum árangursvísi var 5.3.

Sterku hliðarnar okkar eru að mati starfsmanna:

- Jákvætt starfsfólk sem hefur gaman af vinnunni og leggur sig fram um að börnin þroskist, dafni og þeim líði sem best í leikskólanum.
- Faglegt og gott starf
- Reglubundin skráning er gerð á framförum barnanna og þroska á meðan á leikskóladvöl þeirra stendur
- Faglegi þátturinn er að aukast og vinnan er orðin markvissari.

Veikar hliðar

- Við þurfum að vera duglegri að lesa Aðalnámskrá Leikskóla og tengja við faglega starfið okkar.
- Að passa að kynna matstæki fyrir foreldrum í upphafi skólagöngu og að foreldrar veiti samþykki fyrir notkun þeirra.
- Stærð Leikskála
- Útisvæði Leikhóla og Leikskála. Viðhaldi og endurnýjun ábótavant.

Lykilþáttur 3. Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.1 – Gæði náms í gegnum leikinn

Meðaleinkunn úr þessum þætti var 4.55

Sterkar hliðar

- Börnin eru hvött til að vinna á fjölbreyttan hátt og ýtt er undir sjálfstæði þeirra
- Fjölbreytni
- Hvatning – hrós – áhugi
- Fjölbreyttur efniviður til að auka gæði náms
- Einstaklingurinn fær að njóta sín

Veikar hliðar

- Við vinnum oft verkin þeirra vegna tímaskorts – Mannekla
- Þurfum að vera duglegri að hrósa meðvitað.
- Nýta betur efnivið úr umhverfinu

- Valið – umhverfið – of mikil stýring
- Tími og rými

Árangursvísir 3.2 – Samskipti barna og starfsfólks

Meðaleinkun úr þessum þætti var 3.93

Sterku hliðarnar okkar:

- Polinmæði,
- Við mætum börnunum á þeirra grundvelli og höfum ánægju af því að vinna með þeim
- Fagleg vinna, allir eru að gera sitt besta og eru hvetjandi og jákvæðir

Veiku hliðarnar okkar:

- Við getum tapað þolinmæðinni
- Þegar maður finnur að maður getur ekki sinnt einstaklingnum nógu vel
- Við getum gert betur
- Myndum vilja geta gefið börnunum meiri tíma
- Ekki nógu markviss samskipti

Árangursvísir 3.3 – Að mæta þörfum barnanna

Meðaleinkun í þessum þætti var 4,4

Sterkar hliðar:

- Vel skipulagt hópastarf. Sníðum stakk eftir vexti
- Gott hópastarf. Hvetjum börnin til að takast á við hin ýmsu verkefni.
- Heilsum og kveðjum kurteislega
- Fagmennskan er á staðnum
- Við gerum okkar besta til að uppfylla þarfir hvers og eins.

Veiku hliðarnar :

- Mætti vera einstaklingsmiðaðra starf
- Tímaleysi og ná ekki að sinna þörfum hvers og eins nægilega t.d. þegar þau vilja segja manni eitthvað
- Stundum er mannekla.
- Allir starfsmenn ættu að fá meiri fræðslu í Uppeldi til ábyrgðar
- Tími og undirbúningur

Lykilþáttur 4 Stuðningur við börn og fjölskyldur

Árangursvísir 4.1 – Samræmt uppeldisstarf

Meðaleinkunn 4.9

Sterku hliðarnar okkar:

- Við fylgjumst vel með og erum vakandi yfir þroska og líðan barnanna

- Slysátíðni er lág. Vel meðvitað starfsfólk varðandi öryggi og vellíðan barna

Veiku hliðarnar okkar:

- Ef til vill erum við ekki alveg nógu örugg um viðbrögð við vanrækslu. Hvenær er orðið um vanrækslu að ræða og hvernig ræðum við það við foreldra. Það þarf að fara betur yfir þennan þátt og búa til verkferla
- Endurmenntun. Vantar að setja upp sjónræna verkferla t.d. ef slys ber að höndum. Einnig vantar betri verkferla í hreinlætismálum.

Árangursvísir 4.2 – Samræmi uppeldis og menntunar

Meðaleinkun 4.7

Sterku hliðarnar okkar:

- Vel skipulagt starf.
- Mikil reynsla í húsinu.
- Allir gera sitt besta, eru sveigjanlegir og geta brugðist við óvæntum aðstæðum.
- Vel er tekið á móti nýju starfsfólki.
- Gott dagskipulag, sem er endurmetið eftir þörfum

Veiku hliðarnar okkar:

Máltíðir mættu vera betur skipulagðar.

- Vantar meiri upplýsingar milli matráðs og deilda.
- Ekki er grænmeti með öllum mat og það vantar fjölbreytni í nónhressingunni.
- Skólanámskráin okkar er ekki nógu sýnileg.

Árangursvísir 4.3 – Stuðningur í uppeldi og námi

Meðaleinkunn 4.8

Sterku hliðarnar okkar:

- Fjölhæfni, sveigjanleiki, mikil reynsla
- Starfsfólk er vakandi fyrir velferð barnanna

Veiku hliðarnar okkar:

- Neikvæðni – ekki oft en neikvæðar raddir eru svo fljótar að smita út frá sér
- Vantar stuðning við sérfræðiteymið okkar. Markvissari þjónustu talmeinafræðings t.d.
- Vantar meira fjármagn í sérfræðiþjónustu svo þjónustan verði betri.

3. Áætlun um aðgerðir -þróunaráætlun

Við gerðum með okkur áætlun um úrbætur í framhaldi af matinu. Stefnt er að því að þeir hlutir sem við getum lagfært án lítils fyrirvara verði komnir til framkvæmda í síðasta lagi í lok september 2016. Annað er sett í ferli og sumt þarf að bíða fjárhagsáætlunar.

Þróunaráætlun einstakra lykilþátta

Proski og framfarir barnanna

- Tengja betur faglega starfið og Aðalnámskrá leikskóla. (Nýta deildarstjórafundi, deildarfundi og starfsmannafundi)
- Bæta inn upplýsingum um þau matstæki, sem við notum, í eyðublað sem foreldrar fylla út við upphaf leikskólagöngu. (skal komið til framkvæmda í september 2016)
- Útisvæði Leikskála og Leikhóla: Biðja um að leiksvæðin verði sett inn í viðhaldsáætlun.

Nám í gegnum leikinn

- Fylla út tengslahring fyrir hvert barn í október og apríl. Fara yfir á deildarfundi með það fyrir augum að öll börn fái notið markvissra og góðra samskipta.
- Halda áfram að innleiða Uppeldi til ábyrgðar og fá meiri fræðslu um það.
- Virða undirbúningstíma leikskólakennara
- Halda reglulega deildarfundi og deildarstjórafundi með það fyrir augum að bæta upplýsingaflæði og bæta boðskipti
- Skoða orsakir manneklu og taka mönnunina til sérstakrar skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar.

Stuðningur við börn og fjölskyldur

- Fá fræðslu um barnaverndarmál, viðbrögð og verkferla komi upp grunur um slík mál. (sept)
- Fara yfir verkferla og viðbrögð við slysum (starfsmannafundur í september)
- Fara yfir matseðla með matráðum og endurskoða með tilliti til þess að auka þátt grænmetis og minnka salt og sykur.
- Gera skólanámskrána sýnilegri og kynna hana betur fyrir foreldrum og nýju starfsfólki. Hengja upp litla kafla úr skólanámskránni í fataherbergi – taka einstaka þætti hennar fyrir á deildarfundum. Prenta út eintak af skólanámskránni fyrir hverja deild. Gefa öllum starfsmönnum tíma til að lesa skólanámskrána. – Þetta var framkvæmt strax að lokinni matsvinnunni.

4. Eftirfylgni

Á starfsmannafundi í septemberlok verður farið yfir matsskýrsluna og sjálfsmatsáætlun skólaársins. Þá verður einnig farið yfir þróunaráætlunina og skoðað hvaða málefni eru komin til framkvæmda eða í farveg. Stefnt er að því að þróunaráætlunin verði lifandi þagg sem tekið verður til umræðu á starfsmannafundum, deildarstjórafundum og deildarfundum eftir því sem ástæða verður til.

Niðurstöður sjálfsmats ásamt þróunaráætlun eiga alltaf að vera aðgengileg á sameiginlegu drifi starfsmanna í tölvukerfi leikskólans

Umbótaáætlun

Verkefni	Viðbrögð	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili
Tengja þarf betur faglega starfið og Aðalnámskrá leikskóla.	Nýta deildarfundi, deildarstjórafundi og starfsmannafundi til að fara yfir einstaka þætti starfsins og tengja við Aðalnámskrá	Tekur gildi nú þegar og þarf að verða fastur liður á þessum fundum til framtíðar	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Upplýsa foreldra um þau matstæki sem notuð eru í leikskólanum	Bæta upplýsingum inn á eyðublað sem foreldrar fá við upphaf leikskólagöngu barnsins	Í september 2016	Aðstoðarleikskólastjóri
Útisvæði Leikskála og Leikhóla	Biðja um að leiksvæðin verði sett inn í umbótaáætlun	?	Leikskólastjóri
Markvissari og betri samskipti við börnin.	Fylla út tengslahring fyrir hvert barn reglulega	Verði gert í október og apríl	Deildarstjórar, skólastjórnendur
Fundir falla niður vegna manneklu	Halda deildarstjórafundi og deildarfundi þó einhvern vanti	Nú þegar hefur verið gerð sú breyting að fundir eru þó einhvern vanti og þeir eru ekki felldir niður nema í neyð.	Skólastjórnendur bera ábyrgð á deildarstjórafundum og skólastjórnendur og deildarstjórar á því að halda deildarfundaplaninu.
Mannekla hefur áhrif á undirbúningstíma	Virða betur undirbúningst. kennara /starfsmanna og	Skoða ástæður manneklu og taka mönnunina til sérstakrar	Skólastjórnendur

	reyna til hins ítrasta að láta þá ekki falla niður	athugunar við gerð fjárhagsáætlunar	
Starfsmenn ekki nógu öruggir varðandi innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar	Að fleiri fari á námskeið í Uppeldi til ábyrgðar. Stofna teymi sem leiðir vinnuna	Komi til framkvæmda á vorönn 2017	Skólastjórnendur
Óöryggi ef upp koma hugsanleg barnaverndarmál	Fá fræðslu um viðbrögð og verkferla ef upp koma barnaverndarmál	Í september 2016	Leikskólastjóri
Viðbrögð við slysum	Fara yfir viðbragðsáætlun og kynna hana fyrir nýju starfsfólki	Á starfsmannafundi í september 2016. Fara síðan árlega yfir áætlunina á haustfundi ár hvert	Leikskólastjórnendur
Skólanámskráin ekki nógu sýnileg	Kynna skólanámskrána fyrir nýju starfsfólki. Prenta út eintak af skólanámskrá fyrir hverja deild Tak einstaka þætti hennar fyrir á deildarfundum	Hefur þegar komið til framkvæmda	Skólastjórnendur og deildastjórar
Ekki nóg upplýsingastreymi milli matráðs og deilda. Vantar að grænmeti sé með öllum mat og sömu reglur gildi alls staðar varðandi notkun t.d. sykurs o.þ.h	Að matráður sitji deildarstjórafundum Að farið verði yfir matseðla og innkaup með tilliti til hollustu t.d. með því að auka hlut grænmetis og minnka salt og sykur.	Komið til framkvæmda	Skólastjórnendur og matráðar.

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Friðagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ		1 F	Piparkökubakstur	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M	Óskudagur	1 L		1 M	Verkalýðsdagurinn	1 F		1 L	
2 Þ	Sumarlökun	2 F	Söngstund	2 S		2 M		2 F	Piparkökubakstur	2 M	Starfsm.f. Lokað 4 tíma	2 F		2 F		2 S	Dagur barnabókarinnar	2 Þ		2 F	Starfsm.f. Lokað 4 tíma	2 S	
3 M	Sumarlökun	3 L		3 M		3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 F	Starfsm.f. Lokað 4 tíma	3 M		3 M		3 L		3 M	
4 F	Sumarlökun	4 S		4 Þ		4 F	Skipulagsdagur	4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S	Hvítasunnud./Sjómannað.	4 Þ	
5 F	Sumarlökun	5 M		5 M		5 L		5 M		5 F		5 S		5 S		5 M		5 F		5 M	Annar í hvítasunnu	5 M	
6 L		6 Þ		6 F		6 S		6 Þ		6 F	Bretlandinn/söngstund	6 M	Dagur leikskólans	6 M		6 F		6 L		6 Þ		6 F	
7 S		7 M		7 F	Söngstund	7 M		7 M		7 L		7 Þ		7 Þ		7 F	Söngstund	7 S		7 M		7 F	
8 M	Sumarlökun	8 F	Dagur læsis/Bókadagur	8 L		8 Þ	Baráttudagur gegn einelti	8 F		8 S		8 M		8 M		8 L		8 M		8 F		8 L	
9 Þ	Leikskólinn opnaður	9 F	grænn dagur	9 S		9 M		9 F	Piparkökumálun	9 M		9 F		9 F		9 S	Pálmasunnudagur	9 Þ		9 F	Dótadagur	9 S	
10 M		10 L		10 M	???? Skil á viðbyggingu	10 F	Nemendavernd 8:15	10 L		10 Þ		10 F	Dótadagur	10 F	Söngstund	10 M		10 M		10 L		10 M	
11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 L	112 dagurinn	11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ	
12 F	Fundur með nýjum foreldrum	12 M		12 M		12 L		12 M		12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M		12 M	
13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ		13 F	Vasalýsodagur	13 M		13 M		13 L		13 Þ		13 F		13 F	
14 S		14 M		14 F	Blekur dagur	14 M	Bókavika	14 M		14 L		14 Þ		14 Þ		14 F	Föstudagurinn langi	14 S		14 M		14 F	
15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		15 L	
16 Þ	Aðlögun nýrra nemenda	16 F	Skipulagsdagur	16 S		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 F	Almælisv. mánaðarins	16 M		16 F	Skipulagsdagur	16 F		16 S	Páskadagur	16 Þ		16 F	Sumarhátíð Leikskóla	16 S	
17 M	Aðlögun nýrra nemenda	17 L		17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F	mömmu og ömmukaffi	17 F	Fjóluhlár dagur	17 M	Annar í páskum	17 M		17 L	Lýðveldisdagurinn	17 M	Sumarfrí
18 F	Aðlögun nýrra nemenda	18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Nemendavernd 8:15	18 S		18 Þ	Sumarfrí
19 F		19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M		19 F	Útskriftaferð	19 M		19 M	Sumarfrí
20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 Þ	Litlu jól	20 F	þabba og afakaffi	20 M		20 M		20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ		20 F	Sumarfrí
21 S		21 M	Hausfundur Naut/Álfh.	21 F	Furðufatadagur	21 M		21 M	Jólamatur - rauður dagur	21 L		21 Þ	Starfsmannafundur 16:20	21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F	Sumarfrí
22 M	Námskeið 12-16	22 F	Hausf. Skolla/Hulduhól	22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 M		22 L		22 M		22 F		22 L	
23 Þ		23 F	Hausfundur Sel	23 S		23 M		23 F	Þorláksmessa	23 M		23 F		23 F		23 S		23 Þ	Starfsmannafundur 16:20	23 F	Sumarhátíð Leikhóla	23 S	
24 M		24 L		24 M	Starfsm.f. Lokað 4 tíma	24 F	Starfsmannafundur 16:20	24 L	Aðfangadagur jóla	24 Þ		24 F	Almælisv. mánaðarins	24 F		24 M		24 M	Almælisv. mánaðarins	24 L		24 M	Sumarfrí
25 F		25 S		25 Þ		25 F	Almælisv. mánaðarins	25 S	Jóladagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ		25 F	Uppstigningardagur	25 S		25 Þ	Sumarfrí
26 F	Almælisv. mánaðarins	26 M	Hausfundur Núpa	26 M		26 L		26 M	Annar í jólum	26 F	Nemendavernd 8:15	26 S		26 S		26 M	Starfsmannafundur 16:20	26 F		26 M		26 M	Sumarfrí
27 L		27 Þ	Starfsmannafundur 16:20	27 F		27 S		27 Þ		27 F	Almælisv. mánaðarins	27 M	Bolludagur	27 M		27 F		27 L		27 Þ		27 F	Sumarfrí
28 S		28 M		28 F	Almælisv. mánaðarins	28 M		28 M		28 L		28 Þ	Sprengidagur	28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 F	
29 M		29 F		29 L		29 Þ	Piparkökubakstur	29 F		29 S		29 M		29 M		29 L		29 M		29 F		29 L	
30 Þ		30 F	Almælisv. mánaðarins	30 S		30 M	Piparkökubakstur	30 F		30 M		30 F		30 F		30 Þ		30 Þ		30 F		30 S	
31 M				31 M				31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F	Almælisv. mánaðarins			31 M	Útskrift			31 M	Sumarfrí